

Marbakki

# Starfsáætlun 2020-2021



<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Um leikskólann</b> .....	3
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými .....	3
<b>Lýðræði og mannréttindi, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin</b> .....	4
<b>Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur</b> .....	4
<b>Skólastarfið</b> .....	5
Heilbrigði og vellíðan .....	5
Sköpun og menning .....	6
Sjálfbærni og vísindi.....	6
Læsi og samskipti .....	7
<b>Dagskipulag</b> .....	8
<b>Menningarviðburðir, hefðir og hátíðir</b> .....	9
<b>Kynning á leikskólanum</b> .....	10
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	11
Stefna og áherslur.....	11
Foreldraráð .....	11
Foreldrafélag.....	11
Fræðsla og upplýsingar til foreldra .....	11
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi.....	12
<b>Starfsfólk</b> .....	13
Starfsmannastefna.....	13
Áherslur í samstarfi .....	13
Fundir .....	13
Skipulagsdagur.....	13
Símenntunaráætlun .....	13
Samsetning starfsmannahópsins .....	14
<b>Börn</b> .....	15
Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift.....	15
Stuðningur við börn .....	15
<b>Samstarf</b> .....	17
Við grunnskóla .....	17
Við aðra .....	17
<b>Innra mat</b> .....	18
Matsaðferðir.....	18
Matsáætlun fyrir 2021-2024.....	20
Umbótaáætlun 2020-2021 .....	20
<b>Öryggismál</b> .....	23
Öryggisnefnd.....	23
Áfallaráð.....	23
Innra eftirlit.....	23
Slys .....	23

## Inngangur

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun í leikskólanum markvissari með því að setja fram markmið um starfið og umbótamiðað innra mat. Í starfsáætlun eru settar fram upplýsingar fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Marbakki byggir starf sitt á hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem hugmyndafræði og starfsaðferðir taka mið af lýðræði, virðingu fyrir getu barna og að þau afli reynslu og þekkingar á eigin forsendum í gegnum leik og starf.

**Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn.**

## Um leikskólann

### Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

---

Leikskólinn Marbakki er fimm deilda skóli sem bera heitin Bakki, Ból, Ós, Lundur og Lækur. Marbakki tók formlega til starfa þann 11. maí 1986 og var fram til ársins 2009 þriggja deilda skóli fyrir börn frá 2-6 ára. Árið 2009 var byggt við skólann, deildum fjölgað um tvær og börn frá eins árs aldri fengu frá þeim tíma pláss í leikskólanum. Opnunartími skólans er kl. 7.30 - 16.30 alla virka daga. Skólinn er staðsettur rétt við fjöruborðið sem gefur skólanum einstakt umhverfi að vinna í.

Heildarrými leikskólans er 743 m<sup>2</sup>, leik- og námsrými er 404 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 2.960 m<sup>2</sup>. Rými á hvert barn er þannig 7,6 m<sup>2</sup>, leik- og námsrými 4,1 m<sup>2</sup> og lóðarrými um 30 m<sup>2</sup>.

**Áherslur 2020-2021** Í skólanum verða 98 börn skólaárið 2020-2021. Til reynslu taka gildi haustið 2020 breytingar á skipulagi deilda með það markmið að börn þurfi ekki að færast á milli deilda árlega eins og verið hefur. Í stuttu máli verða börn á sömu deild, Bakka eða Bóli, fyrstu tvö ár leikskólagöngunnar, fara svo á Ós í eitt ár áður en þau fara á Læk eða Lund þar sem þau verða á sömu deild síðustu tvö árin sín. Deildirnar eru aldurskiptar eins og kostur er en Lundur og Lækur verða báðar fyrir 4 og 5 ára börn. Yngstu börn skólans eru fædd árið 2019 og þau elstu árið 2015.

Talsvert er síðan lóðin var endurnýjuð og standa vonir til að hægt sé að endurgera hana sumarið 2021 en teikningar af endurbótum hafa þegar verið unnar. Í endurmati deilda vorið 2020 mátti sjá óskir um meira krefjandi viðfangsefni á svæði yngri barna, svæði til rannsókna og sköpunar, svæði sem hvetja til hreyfingar eða íþróttar auk þess sem foreldrar hafa spurt eftir svæði til að geyma hjól barna og kerrur yfir daginn. Innanhúss verður hugað að hljóðvist á starfsárinu, mála þarf ýmis sameiginleg rými og endurskoða nýtingu þeirra, þá sérstaklega vinnu- og fundaraðstöðu starfsfólks.

## Lýðræði og mannréttindi, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin

Lýðræði og mannréttindi/jafnrétti eru hluti af grunnþáttum menntunar á Íslandi samkvæmt gildandi aðalnámskrá allra skólastiga. Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf og birtast markmið lýðræðis í leikskólastarfinu til dæmis í áherslu á lýðræði í skólastarfinu öllu og að börnin telji sig geta haft áhrif á starfið og umhverfi skólans, læri að hlusta á aðra og finni að á þau sé hlustað. Leikskólastarf sem byggir á mannréttindum og jafnrétti skapar tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og rækta hæfileika sína þar sem skilningur, samkennd, umburðarlyndi og víðsýni eru í fyrirrúmi.

Barnasáttmáli SP og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun koma inn í lýðræðis- og mannréttindaáherslur Marbakka, bæði í gegnum sérstök verkefni sem þeim tengjast og í daglegu starfi þar sem unnið er út frá kortlagningu starfsfólks á þeim tækifærum sem skólinn hefur til að vinna þessum alþjóðasamningum brautargengi.

**Unnið 2019-2020** Leikskólastarfið skoðað út frá heimsmarkmiðum SP og kortlagt hvernig hægt er að stuðla að því að ná markmiðunum í daglegu starfi. Kynnt fyrir starfsfólki. Uppboð á listaverkum barna til styrktar góðu málefni haldið og nýtt til umræðu og skilnings á ýmsum samfélagslegum málefnum.

**Áherslur 2020-2021** Velja markmið úr kortlagningu Heimsmarkmiða sem vinna skal að á starfsárinu. Umbótaverkefni um lýðræði í leikskólastarfinu sem snúa að auknum áhrifum barna á viðburði í leikskólanum, matstofu og samskiptareglur. Auka sýnileika Barnasáttmálans á deildum og stuðla þannig að aukinni umræðu um efni hans.

## Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur

Einkunnarorð skólans eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Unnið er eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs. Þá byggir námskrá og starf leikskólans Marbakka á hugmyndafræði Loris Malaguzzi sem ber nafn sitt af borginni Reggio Emilia á Ítalíu. Leikskólastarf er í sífelldri mótun og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólastarfinu hverju sinni. Undanfarin ár hefur starf skólans byggt á meginþema sem er **náttúran**. Þemað er vítt og sveigjanlegt og gefur fjölbreytta möguleika á að nálgast áhugasvið barnanna hverju sinni. Þá er áhersla á sjálfbærni, vináttu, læsi og fleiri þætti sem auðvelt er að samþætta inn í náttúruþemað.

Áhersla er á vellíðan barna, lýðræði, sköpun, virðingu, jákvæð og uppbyggileg samskipti og trú á getu þeirra og færni. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms-

og þroskaleið barna. Í hugmyndafræði Reggio Emilia fá börn tækifæri til að þroska öll sín skilningarvit og tjáningarleiðir. Börn þurfa að fá svigrúm til rannsókna og tilrauna og í því samhengi er hvetjandi umhverfi mikilvægt sem þriðji kennarinn.

Samskipti barna og starfsfólks byggja á gagnkvæmri virðingu og samvinnu í náms- og rannsóknarverkefnum sem leiðir til aukinnar þekkingar og færni. Opnar spurningar eru mikið notaðar í starfi með börnunum, þær eru leið til að hvetja þau áfram til rannsókna, náms og vinnu í anda Reggio.

**Unnið 2019-2020** Könnun til foreldra leiddi í ljós að hluti þeirra telur sig skorta upplýsingar um stefnu skólans og námsmarkmið. Umræðuhópar starfsfólks í tengslum við niðurstöður starfsmannakönnunar sýndu einnig þörf og vilja til að skoða markmið starfsins.

**Áherslur 2020-2021** Framundan er endurskoðun skólanámskrár og starfshátta til að tengja betur Reggio hugmyndafræðinni. Skoða á hvernig hægt er að miðla upplýsingum um stefnu og markmið skólastarfsins til foreldra á skilvirkari hátt og hvernig hægt sé að tengja foreldra við mat á stöðu og framförum barna.

## Skólastarfið

### Heilbrigði og vellíðan

Hollur og næringarríkur matur er einn af grunnþáttum vellíðunar barna. Í leikskólanum er fylgt matseðli heilsuleikskóla. Útivera og vettvangsferðir í skóg og fjöru eru helstu leiðir að hreyfingu barna í leikskólanum en einnig eru yngstu deildir með áherslu á dans, bæði inni og úti. Staðsetning leikskólans gerir vettvangsferðir í náttúruna sérlega einfaldar í framkvæmd og sýnir mat barna á starfi leikskólans mikinn áhuga þeirra á vettvangsferðum.

**Unnið 2019-2020** Í kjölfar umræðu starfsfólks sem vinnur í matstofu voru prófaðar nýjar leiðir við framreiðslu matar. Lítil reynsla var þó komin á breytingarnar þegar þurfti að breyta í grundvallaratriðum verkferlum í matstofu vegna covid-19 faraldursins.

**Áherslur 2020-2021** Áfram er unnið með þróun matstofu í sal. Endurmat á því skipulagi sem gert var þegar matstofu var breytt fyrir nokkrum árum er á dagskrá, með áherslu á hvernig tekst að skapa ró og næði í matstofu, borðsiði og eftirfylgni með fæðuinntöku barnanna. Auk þess snertir það verkefni einnig sjálfræði barna og



samskiptafærni. Áhugi er fyrir því að skoða möguleika á skipulögðum hreyfistundum, bæði hvað snertir aðstöðu og mannauð. Við endurnýjun lóðar á næsta ári væri útsvæði sem styður undir hreyfingu, s.s. hreystibraut, áhugavert sem viðbót við hefðbundnari svæði.

## Sköpun og menning

---

Sköpun er stór þáttur í daglegu starfi leikskólans og er hún grundvallarstoð í stöðvavinnu og öllu hópstarfi allra deilda. Sköpunin tengist oft náttúruþema leikskólans þar sem fuglar, fiskar og fjöll eru endursköpuð í verkefnum barnanna. Samstarf við menningar- og fræðslustofnanir í Hamraborg er fastur liður í skólastarfinu og fara börnin reglulega í starf hjá Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrustofu enda allar þessar stofnanir í göngufæri við leikskólann. Að jafnaði er hópur frá leikskólanum staddur í vettvangsferð hjá þessum stofnunum í hverri viku yfir veturinn. Þemavika um fjölmenningu er árlegur viðburður í Marbakka.

**Unnið 2019-2020** Unnið var að fjölbreyttum verkefnum þar sem list og náttúra fléttuðust saman í sköpun barnanna. Listaverkauppboð var haldið sem foreldrar keyptu verk barnanna og ágóði rann til góðgerðarmála sem börnin völdu. Menningarviðburðir voru sóttir auk þess sem tvær leiksýningar á vegum foreldrafélags komu í leikskólann. Önnur þeirra var Ronja ræningjadóttir en umfangsmikið verkefni þar sem börnin sköpuðu heim Ronju á deildum hafði verið unnið mánuðina á undan.

**Áherslur 2020-2021** Þriggja ára samstarfsverkefni í tengslum við Barnamenningarhátíð í Kópavogi hefst á þessu ári. Unnið er með menningarhúsunum í Kópavogi sem eru í samstarfi við sambærileg menningarhús á Norðurlöndum. Þemað er verk norrænna rithöfundna sem eru Astrid Lindgren, Tove Janson og H.C. Andersen. Áfram verður áhersla á að sækja og fá til okkar menningarviðburði og þá sérstaklega hvernig hægt er að njóta viðburða sem boðið er upp á rafrænt í ljósi samkomutakmarkana. Endurmat síðustu þemaviku sýndi þörf fyrir þróun þemavikunnar í átt að heimamenningarverkefni sem tengir fjölbreytileika allra barna við þemavikuna og fer hópur af stað með það verkefni.

## Sjálfbærni og vísindi

---

Marbakki er vel staðsettur hvað snertir tækifæri til að nýta náttúruna sem uppsprettu þekkingar og býður fjölbreyttar leiðir til náms. Vettvangsferðir út í náttúruna, bæði skóg og fjöru, eru snar þáttur í starfsemi allra deilda, þar sem lífríkið er skoðað. Pöddum, laufblöðum og fleiri áhugaverðum hlutum er þar safnað í fötur og afrakstur

mældur og skoðaður í smásjám þegar heim er komið. Flokkun úrgangs og endurnýttur efniviður er meginregla allra deilda og skipulag matstofu stuðlar að minni matarsóun. Starfsfólk saumar fjölnota poka sem börnin hanna sjálf fyrir föt sem þurfa að fara á milli heimilis og skóla til að lágmarka plastpokanotkun. Börnin fylgjast með vexti blóma og plantna, bæði í umhverfi leikskólans og með reglulegum heimsóknnum í Grasagarð Reykjavíkur.

**Unnið 2019-2020** Eldri deildir tóku þátt í Plokkunardegi á Kársnesi. Börnin tíndu rífsber og sultuðu í leikskólanum. Sjálfbærnipokarnir voru saumaðir að vori og samhliða var gerður bæklingur um verkefnið sem dreift var með pokunum. Leikskólinn lauk á árinu þátttöku í Erasmus+ verkefninu **TALL- Together we can make it** sem unnið var með leikskólum í Belgíu, Spáni, Frakklandi og Ítalíu. Viðfangsefni verkefnisins tengdust vísindastarfi og þá helst eðlisfræði og mælingum. Framkvæmd voru verkefni tengd bakstri, hannaðar og smíðaðar kúlubrautir og gerðar brýr en hvert verkefni var skrásett myndrænt og sent milli samstarfsaðila.

**Áherslur 2020-2021** Áfram verður þátttaka í verkefnum eins og plokkunardegi og fræðslu Grasagarðsins. Vettvangsferðir til að skoða lífríkið verða áfram í forgrunni og að nýta þau tæki sem skólinn á til að vinna úr þeim ferðum (söfnunarbox, smásjár, stækkunargler). Skoða hvaða viðfangsefni úr Erasmus+ verkefninu gætu orðið fastir liðir í leikskólanum. Rýnt verður í ýmislegt í rekstri skólans útfrá umhverfisþáttum svo sem þvottur, handþurrkunotkun og plastnotkun í kringum bleiutunnur. Kennari í Marbakka mun taka þátt í verkefni um námsefni fyrir yngri börn um náttúru Kópavogs.

## Læsi og samskipti

---

Marbakki vinnur með læsishvetjandi verkefnið Lubbi finnur málbein, áhersla er á lestur, bæði í skólanum í formlegum og óformlegum lestrarstundum og á lestur heima fyrir. Góð samvinna er við Bókasafn Kópavogs en þangað eru reglulegar heimsóknir barnahópa, safnið lánar bækur til skólans og heim til barnanna. Snemma er byrjað að vinna með vináttuna sem grunn að samskiptafærni barnanna og er Blær verkefni Barnaheilla virkt á öllum deildum. Svokallað „flakk“ þar sem börnin geta að eigin vilja farið um allan leikskólann og fundið sér féлага eða viðfangsefni er fastur liður. Á þeim stundum er allur skólinn er opinn fyrir samskiptum og leik. Samverustundir þar sem starfsfólk og börn ræða um málefni sín eru fastur punktur í starfi allra deilda.



**Unnið 2019-2020** Aukið aðgengi að lestrarefni í sal skólans og huggulegt leshorn þar hefur þegar aukið lestrarstundir. Samstarf við bókasafnið fékk góða dóma í mati eldri barna á starfinu í leikskólanum vorið 2020. Unnið var að þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska sem lýkur í október 2020. Markmið þess er meðal annars að allt starfsfólk þekki mikilvægi málörvunar á öllum aldursbilum leikskólans og viti hvert hægt er að leita til að fá hugmyndir eða ráð um málörvun í skólastarfinu. Handbók fyrir starfsfólk og foreldra verður afrakstur verkefnisins.

**Áherslur 2020-2021** Styrking söng- og tónlistarstarfs þannig að slíkar stundir bjóðist markvisst á öllum deildum. Ljúka við handbók um snemmtæka íhlutun/málþroska og kynna hana starfsfólki og foreldrum. Skipulagsbreytingar á tveimur elstu deildum hefur m.a. það markmið að stækka vinahóp barnanna með auknu flæði milli þeirra, bæði formlega með samvinnuverkefnum og óformlega með frjálsu flæði í leik. Yngri deildir sem liggja að sal leikskólans stefna að nýtingu hans í frjálsum leik þar sem börn geta sótt þar inn og hitt börn af öðrum deildum ákveðnar stundir. Á árinu verður farið af stað með verkefni þar sem börn af öllum deildum koma að vinnu við sameiginlegar samskipta- og umgengnisreglur.

## Dagskipulag

Eins og áður segir opnar leikskólinn kl. 7:30 þar sem tekið er á móti börnum á öllum deildum í sal skólans til kl. 8 þegar börn fara inn á sínar deildir. Morgunmat er frá kl. 8:30-9 þar sem þrjár elstu deildir borða í matstofu en tvær yngri á sínum deildum. Við tekur starf á deildum fram að hádegismat sem hefst kl. 11:15 á yngstu deild en 11:30 hjá börnum á öðrum deildum. Allar deildir bjóða upp á hvíldarstund að loknum hádegismat; á eldri deildum sofna börn oftast ekki en hlusta á leikrit eða sögu fram til kl. 13. Síðdegiskaffi hefst 14:30 og lýkur leikskóladeginum kl. 16:30. Útivera er að lágmarki einu sinni á dag en flestar deildir reyna að fara tvisvar. Það fer þó eftir veðráttu. Hver deild fyrir sig vinnur svo nákvæmara dagskipulag með liðum eins og vali, hópastarfi og samverustundum.

## Menningarviðburðir, hefðir og hátíðir

Börn í leikskólanum sækja bæði menningarviðburði utan skólans og fá til sín viðburði reglulega yfir skólaárið. Dæmi um viðburði eru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sýningar Brúðubílsins og yfirleitt allt sem leikskólanum er boðið í eða kemst á snoðir um að sé í boði. Foreldrafélagið er einnig duglegt að útvega menningarviðburði fyrir börnin í leikskólanum, oftast 2 sýningar yfir skólaárið.

Hefðir og hátíðir í leikskólanum sjálfum eru til dæmis:

- **Jólin;** skapandi starf, jólasöngvar, jólaball á vegum foreldrafélags
- **Porri;** undirbúningur á deildum, gerð þorrahatta og þorrablót á bóndadag með aðkomu eldri borgara í söng og samveru.
- **Páskar;** áhersla á skapandi starf tengt páskum og vori; páskaeggjaleit á vegum foreldrafélags
- **Hjóladaður**
- **Öskudagur;** sameiginlegur öskudagsdansleikur hjá eldri og yngri börnum, köttur sleginn úr tunnu á hverri deild.
- **Þemavika;** Heimamenning þar sem hver deild vinnur með fjölbreytileika á sinn hátt
- **Foreldrakaffi/gestadaður;** foreldrum eða öðrum úr fjölskyldu barns er boðið að koma í morgunmat með börnum sínum.
- **Vináttaganga;** samstarf við grunnskóla þar sem nemendur grunnskóla og leikskóla ganga saman.
- **Útskrift elstu barna;** hátíðleg stund þar sem börn og fjölskyldur fagna áfanganum, haldið í Borgum.
- **Útskriftaferð elstu barna;** dagsferð með starfsfólki deildar, náttúru- og menningarferð ásamt því sem snætt er á veitingastað.
- **Vasaljósadaður;** börn mæta með vasaljós að heiman og unnin eru verkefni um ljós og skugga.
- **Dagur leikskólans;**
- **Náttfata-og bangsadaður;** haldinn á alþjóðlegum bangsadeigi þar sem börnin koma með bangsa að heiman og í náttfötum ef þau vilja.
- **Afmæli leikskólans;** opið hús þar sem börn geta sýnt verkefni sín og námsumhverfi
- **Sumarhátíð foreldrafélagsins;** börn, foreldrar og starfsfólk ganga í skruðgöngu um hverfið með lúðrasveit, skemmtiatriði í garði og grillað.

**Unnið 2019-2020** Ýmsa viðburði að vori þurfti að fella niður eða endurskoða vegna covid-19 faraldursins. Dæmi um það voru páskaeggjaleit foreldrafélagsins, foreldradagur/gestadagur, afmæli leikskólans og vináttuganga. Foreldrafélagið bauð upp á tvær leiksýningar sem komu í leikskólann; Maximús músíkús og Ronju Ræningjadóttur.

**Áherslur 2020-2021** Endurskoða þarf ýmsa viðburði vegna takmarkana á utanaðkomandi í leikskólann standi það yfir allt komandi skólaár. Í framhaldi þarf að skoða rafrænt framboð á menningarviðburðum og hvernig hægt væri að njóta þeirra í skólastarfinu. Auka á aðkomu barna að skipulagi viðburða og stofna viðburðahópur barna. Endurskoða þarf tvo viðburði sem hafa verið í föstum skorðum undanfarin ár, þemaviku um fjölmenningu og Dag leikskólans, hvað innihald og efnistökn snertir.

## Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Reynt er að uppfæra reglulega helstu þætti eins og viðburði og matseðil. Auk þess fá foreldrar reglulega tölvupósta með upplýsingum frá deildum og leikskólastjórum. Vala er samskiptaforrit fyrir foreldra og starfsfólk.

**Unnið 2019-2020** Upplýsingastefna Marbakka var unnin með hliðsjón af nýrri persónuverndarlöggjöf. Sérstök viðmið voru gerð um myndatökur og miðlun mynda af börnum í leikskólastarfinu. Hópur starfsfólks vann drög að viðmiðum sem borin voru undir alla á skipulagsdegi auk þess sem foreldrum voru send viðmiðin þegar þau voru fullgerð.

**Áherslur 2020-2021** Innleiðing upplýsingastefnu er megin verkefnið á þessu starfsári. Nú fer miðlun mynda til foreldra þar sem hægt er að auðkenna börn eingöngu fram í gegnum Völu. Deildirnar hafa hver sinn facebook hóp fyrir foreldra og starfsfólk, þar sem hægt er að koma á framfæri skilaboðum, segja stuttlega frá daglegu starfi eða deila myndum af verkefnum (ekki börnum). Kynningarfundir fyrir nýja foreldra hafa haldið sér þrátt fyrir sóttvarnarráðstafanir en haustfundir fyrir foreldra verða með öðru sniði þar sem foreldrar fá sendar upplýsingar með tölvupósti um markmið vetrarins.

## Foreldrasamstarf

---

### Stefna og áherslur

---

Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti við foreldra og gott upplýsingastreymi en það eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Foreldraviðtöl eru tekin við nýja foreldra í upphafi skólagöngu barna þeirra, síðan er eitt viðtal að jafnaði á ári og fleiri ef þurfa þykir. Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við deildarstjóra eða stjórnendur skólans hvenær sem upplýsingar skortir eða koma á framfæri hugmyndum sínum.

### Foreldraráð

---

Samkvæmt lögum um leikskóla er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra. Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

### Foreldrafélag

---

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem fundar reglulega um málefni sín. Markmið foreldrafélagsins eru:

- ✓ Efla samvinnu foreldra og starfsfólks skólans
- ✓ Efla samvinnu foreldra innbyrðis og tryggja hagsmuni barnanna
- ✓ Taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum
- ✓ Hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfsemi leikskólans

Einn kennari starfar með foreldrafélaginu og situr fundi þess. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti.

### Fræðsla og upplýsingar til foreldra

---

Aðalupplýsingaleiðir leikskólans eru í gegnum Völu, heimasíðu skólans, auk þess sem hver deild hefur læstan hóp á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem hægt er að miðla ákveðnum upplýsingum.

Foreldrar eru sjálfsagðir þátttakendur í leikskólastarfinu enda eru þeir og starfsfólk leikskólans samstarfsaðilar um velferð barnanna. Sérstakir viðburðir eru miðaðir að því að fá foreldra í leikskólann og taka þátt í daglegu starfi eða sjá afrakstur verkefna eins og sjá má í kafla um hátíðir og hefðir í leikskólanum hér að framan.

**Unnið 2019-2020** Gerð var tilraun með stuttar foreldrakannanir um afmörkuð efni sem gafst vel. Einnig var unnin stefnumótun um upplýsingamiðlun hvað snertir birtingu ljósmynda af börnum í leikskólastarfinu í samræmi við ný persónuverndarlög og stefnu Kópavogsbæjar.

**Áherslur 2020-2021** Breytingar á upplýsingamiðlun verða innleiddar á starfsárinu. Unnið verður umbótaverkefni um skilvirkari miðlun upplýsinga um markmið skólastarfsins og mat á stöðu og framförum barna. Stefnt er að föstum fundum foreldraráðs. Óvíst er um þátttöku foreldra í leikskólastarfinu vegna sóttvarnaráðstafana en því meira reynir á að finna leiðir til að styrkja upplýsingamiðlun til foreldra með öðrum hætti og finna leiðir til að halda viðburði með öðru sniði, s.s. rafrænt, í minni hópum eða utandyra. Stjórnendateymi mun skoða hvern og einn foreldraviðburð með þessum gleraugum.

## Starfsfólk

### Starfsmannastefna

---

Í Marbakka er leitast við að skapa sem góð samskipti byggð á virðingu, jafnrétti og heiðarleika. Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild. Að öðru leyti er unnið samkvæmt starfsmannastefnu Kópavogsbæjar, kjarasamningum og viðeigandi lögum og reglugerðum sem snúa að starfsfólki og starfsumhverfi. Í kaflanum er átt við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra þegar vísað er til *stjórnendateymis*.

### Áherslur í samstarfi

---

Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum samkvæmt móttökuáætlun. Þeir fá upplýsingar bæði í gegn um lesefni og í formi viðtala við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Sí- og endurmenntun er í boði í ýmsu formi, bæði innan skólans og utan. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftari ef þörf þykir. Deildarstjórar hafa með sér jafningjahandleiðslu hálfsmánaðarlega.

### Fundir

---

Stjórnendateymi fundar hálfsmánaðarlega og er fundargerð sýnileg öllu starfsfólki. Deildarstjórar hittast á handleiðslufundum hálfsmánaðarlega. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri deila skrifstofu og eiga samráð eftir þörfum, sama á við um samráð við sérkennslustjóra. Deildarfundir eru haldnir reglulega, bæði á skipulagsdögum og eftir þörfum þess á milli. Starfsmannafundir eru áætlaðir tvisvar á ári. Auk þessa eru stuttir morgunfundir stjórnendateymis haldnir að minnsta kosti tvisvar í viku.

### Skipulagsdagar

---

Skipulagsdagar eru nýttir til að efla fagþekkingu starfsfólks, innleiða breytingar, meta starfið og vinna á deildum, t.d. að undirbúningi starfs og mati.

### Símenntunaráætlun

---

Árlega er gerð símenntunaráætlun þar sem meðal annars er stuðst við niðurstöður úr starfsmannasamtölum en einnig tekur símenntunaráætlun mið af áherslum leikskólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Starfsfólk er hvatt til þess að sækja námskeið en auk þess kemur fræðsla á skipulagsdögum inn í símenntun starfsfólks.



## Samsetning starfsmannahópsins

---

Stöðugildi í leikskólum eru reiknuð út frá aldri og dvalartíma barna auk fastra stöðugilda stjórnenda, sérkennslustjóra, eldhússtarfsfólks og vegna stuðnings við börn af erlendum uppruna. Á öllum deildum eru reiknað með starfshlutfalli vegna veikinda, undirbúningstíma og stuðnings við einstök börn.

**Unnið 2019-2020** Heildarfjöldi stöðugilda í Marbakka var 30,3 fyrir utan sumarafleysingar. Stöðugildi vegna sérkennslu í 1 og 2 flokki voru 4,5. Að leikskólastjórnendum meðtöldum störfuðu 12 leikskólakennarar í Marbakka, tveir þroskaþjálfar og einn grunnskólakennari en að auki voru tveir starfsmenn á þriðja ári í leikskólakennaranámi. Marbakki er samstarfsskóli Menntavísindasviðs HÍ og HA og koma namar í verknámshotur í gegn um það samstarf. Leikskólastjóri Marbakka til margra ára, Hólmfríður Sigmarsdóttir, kom til starfa í hlutastöðu í júní 2020 að loknu leyfi. Nýr aðstoðarleikskólastjóri, Hildur Björk Svavarsdóttir, kom til starfa í janúar 2020. Handbók fyrir nýtt starfsfólk var endurskoðuð á vormánuðum en þar koma fram meðal annars upplýsingar um reynslutíma, kaffitíma, hvernig tilkynna skal veikindi eða fjarveru, þagnaskyldu, skóladagatal og fl. Vorið 2020 var lögð áhersla á að starfsfólk kynnti sér fundargerðir stjórnendateymis og tekin upp skrifleg staðfesting að lestri loknum sem gaf góða raun. Á starfsárinu tók stjórnendateymi þátt í handleiðsluverkefni með Svövu Mörk leikskólakennara og kennara í leikskólafræði við HÍ um hlutverk stjórnenda og samskipti á vinnustað. Starfsmannakönnun var lögð fyrir í febrúar og unnið með niðurstöður hennar á skipulagsdegi í maí.

**Áherslur 2020-2021** Heildarfjöldi stöðugilda í Marbakka eru um 29 fyrir utan sumarafleysingar. Stöðugildi vegna sérkennslu í 1 og 2 flokki eru 3,8. Að leikskólastjórnendum meðtöldum starfa 13 leikskólakennarar í Marbakka og tveir þroskaþjálfar. Tveir starfsmenn eru í meistaranámi í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður skólans er í grunnnámi leikskólakennara. Tekin voru stutt starfsmannasamtöl strax að hausti 2020 með áherslu á samskipti og símenntun og framhaldsviðtöl verða haldin eftir áramót. Vísbendingar komu fram í starfsmannakönnun 2020 að starfsfólk Marbakka upplifði í meira mæli hindranir í vegi fyrir þátttöku í símenntunartilboðum og því er áhersla á að símenntunaráætlun sé unnin strax í kjölfar starfsmannasamtala og verði þegar virk. Fleiri umbótaverkefni komu fram eftir niðurstöður starfsmannakönnunar sem sjá má í umbótaáætlun skólans. Áætlað er að setja inn í handbók fyrir nýja starfsmenn stuttar og hnitmiðaðar

upplýsingar um vinnuaðferðir Reggio Emilia. Skipulagsdagar verða 6 á árinu þar sem einum skipulagsdegi var frestað vorið 2020 vegna covid-19 faraldursins; 25. september, 27. október, 19. nóvember, 4. janúar, 17. mars og 14. maí. Endurskoðun skólanámskrár og hugmyndafræði leikskólans verður í brennidepli skipulagsdaga þetta skólaár auk ýmissa verkefna sem fram koma í umbótaáætlun leikskólans. Einnig mun stjórnendateymi leita leiða til að fjölga starfsmannafundum vegna óska starfsfólks þar um.

## Börn

### Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift


---

Í Marbakka eru áætluð 98 börn á 5 deildum. Að loknu sumarleyfi flyst hluti barna milli deilda og að því loknu hefst aðlögun. Ný börn eru tekin inn í skólann með aðferðum þátttökuaðlögunar þar sem foreldrar dvelja með barninu í leikskólanum fyrstu dagana og sjá um umönnun þeirra. Með því gefst líka gott tækifæri fyrir starfsfólk og fjölskyldu til að kynnast og byggja upp gagnkvæmt traust sem eykur öryggi barnanna á nýjum stað og auðveldar samskipti þegar líður á leikskólagönguna. Í Marbakka koma foreldrar nýrra barna til samtals við deildarstjóra áður en leikskólaganga barnsins hefst. Það er mikilvægt að fá upplýsingar frá foreldrum um barnið og aðstæður þess og hlusta á þeirra væntingar um leikskólastarfið. Tvítýngd börn fylgja að mestu leyti almennri móttökuáætlun nýrra barna en þó eru sérstakar spurningar um málumhverfi þeirra í spurningalistanum sem foreldrar fylla út fyrir fyrsta viðtal. Foreldrar sem tala ekki íslensku eiga alltaf rétt á að fá þjónustu túlka í foreldraviðtölum. Elstu börnin útskrifast með athöfn í lok maí og fara auk þess í dagsferð með sínum kennurum til að fagna áfanganum.


### Stuðningur við börn

---

Í Marbakka er 75% staða sérkennslustjóra. Hlutverk sérkennslustjóra er að hafa heildarsýn á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu, veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og vera tengiliður við stofnanir sem sinna greiningu og ráðgjöf vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning. Hljóm-2 er lagt fyrir elstu börn og Efi-2 fyrir 3,5 ára börn. Sérstakir málörvunarhópar eru starfandi á eldri deildum en málörvun yngri barna fer oftast fram einstaklingslega. Málörvun er sinnt af kennurum og starfsfólki skólans, bæði á deildum og í sérkennsluherbergi skólans.



Mynd 1. Fjöldi barna eftir árgöngum í Marbakka haust 2019 og 2020



Mynd 2. Fjöldi barna sem fá sérstakan stuðning og fjöldi barna af erlendum uppruna haust 2019 og 2020<sup>1</sup>

**Unnið 2019-2020** Aðlögun fór fram í ágúst og september. Í tengslum við vinnu við handbók um snemmtæka íhlutun var upplýsingablað fyrir fyrsta foreldraviðtal endurskoðað. Tveir þroskajálfar sinna samtals 75% stöðu sérkennslustjóra. Stefnt var að skimun 3,5 árs barna með Efi-2 en réttindanámskeið frestuðust vegna covid-19 faraldursins. Starfsmenn sérkennslu tóku allir þátt í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska.

**Áætlun 2020-2021** Aðlögun 24 nýrra barna fór samkvæmt venju fram í lok ágúst og í byrjun september. Nýir foreldrar fá nú sendan lítinn spurningalista um barnið þar sem þeir geta komið á framfæri upplýsingum um málþroska, hreyfiþroska, samskipta- og félagsfærni barnsins, og áhugasvið þess til þess að tími í fyrsta foreldraviðtali nýtist betur. Tveir þroskajálfar sinna samtals 75% stöðu sérkennslustjóra. Tveir starfsmenn fengu réttindi haustið 2020 til að nota Efi-2 skimunina og er áætlað að skima 3,5 árs börn á starfsárinu. Handbók um snemmtæka íhlutun verður lokið á starfsárinu í tengslum við lok þróunarverkefnis þar um.

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem fá sérstakan stuðning geta breyst yfir skólaárið. Í 3. og 4. flokki eru börn af erlendum uppruna sem þurfa sérstakan stuðning vegna málþroska og eru þau einnig í heildartölu um fjölda barna af erlendum uppruna.

## Samstarf

### Við grunnskóla

---

Marbakki á í formlegu samstarfi við grunnskólann í hverfinu, Kársnesskóla. Samstarfið hefst með skipulagsfundum í upphafi hvers skólaárs. Kennarar fyrstu bekkina, yfirmaður dægradvalar og kennarar elstu barna leikskólans hittast og skipuleggja heimsóknir. Elstu börn leikskólanna fara í heimsóknir í fyrstu bekkina og einnig koma börn úr fyrstu bekkjum Kársnesskóla í heimsóknir í Marbakka. Börn úr fjórða bekk Kársnesskóla koma í heimsóknir og lesa og eða leika í málörvandi leikjum með börnunum í Marbakka. Marbakki tekur þátt í vináttuverkefni skóla í Kópavogi þar sem unglingar úr 10. bekk koma og fylgja börnunum í Vináttugöngu skólana.

### Við aðra

---

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila eins og fram hefur komið svo sem leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, iðjubjálfa, sjúkrabjálfa, Velferðasvið Kópavogs, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, skólastofnanir og menningarstofnanir í hverfinu. Mjög virkt samstarf er við söfnin í nágrenni leikskólans og ráðgert er að halda því áfram. Samstarf er við sýklarannsóknardeild LSH vegna langtímarannsóknar á sýkingum barna á leikskólaaldri.

**Unnið 2019-2020** Samstarf við Kársnesskóla hófst með hefðbundnu sniði en vegna covid-19 faraldursins varð rof í heimsóknum og sameiginlegum fundum á vorönn. Brugðið var á það ráð að heimsækja skólalóð Kársnesskóla á vordögum en þar sem einstaklega fá börn voru í elsta árgangi Marbakka reyndist unnt að skoða skólahúsnæðið einnig. Heimsókn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins féll niður af sömu ástæðu sem og samstarf við sýklarannsóknardeildina. Menningarstofnanir Kópavogsbæjar lokuðu um tíma og varð þá hlé á heimsóknum. Fundir og annað samstarf við sérfræðinga og stofnanir hélt sér að mestu leyti.

**Áætlun 2020-2021** Vonir standa til að samstarf við Kársnesskóla verði með hefðbundnum hætti á skólaárinu. Heimsóknir í menningarstofnanir geta nú einnig haldið áfram sinn vanagang en á öðru samstarfi getur þurft að finna nýjar leiðir. Sem dæmi hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins unnið fræðsluefni sem hægt er að nýta í stað heimsóknar og skoða þarf hvort fleiri samstarfsaðilar bjóði slíkt hið sama. Fundir með sérfræðingum og stofnunum hafa margir færst yfir í rafrænt umhverfi og því þarf að styrkja tölvukost og færni starfsfólks á árinu til að geta nýtt það.

### Matsaðferðir

---

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Marbakka eru á stöðu, framfarir og líðan barna; markmiðum og stefnu skólans; stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Matsteymi skólans leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári og þætti sem skoðast sjaldnar. Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Marbakka er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar.

**Unnið 2019-2020** Í febrúar 2020 kynnti aðstoðarleikskólastjóri gæðaviðmið sem þróuð hafa verið fyrir innra og ytra mat á leikskólastarfi<sup>2</sup> fyrir deildarstjórum auk þeirra krafna sem gerðar eru um innra mat leikskóla í lögum um leikskóla. Í kjölfarið unnu aðstoðarleikskólastjóri og tveir deildarstjórar að því að skoða viðmiðin nánar og skipuleggja kynningu fyrir starfsfólki á starfsdegi sem fram fór í maí. Ákveðið var að stofna matsteymi formlega haustið 2020 með þátttöku foreldra en fram að þeim tíma unnu þessir þrír aðilar að ýmsum matsverkefnum svo sem skipulagi á sjálfsmati deilda og matsverkefni leikskóladeildar Kópavogs.

Matsgögn sem unnin voru á skólaárinu:

- Hljóm<sup>2</sup> lagt fyrir að hausti 2019.
- Mat 4 og 5 ára barna á daglegu starfi leikskólans sem gert var í júní 2020.
- Starfsmannakönnun lögð fyrir vor 2020.
- Sjálfsmat deilda vorið 2020 sem byggði á gæðaviðmiðum um leikskólastarf frá Reykjavíkurborg. Notuð voru viðmið úr *uppeldis-* og *menntastarfi* og úr *leikskólabrag*.
- Umræður og úrvinnsla starfsfólks á niðurstöðum starfsmannakönnunar sem unnið var á starfsdegi í maí 2020.
- Úrvinnsla deildarstjóra á umræðum í kjölfar starfsmannakönnunar.
- Matsblöð leikskóladeildar Kópavogs um sköpun og menningu.
- Foreldrakönnun um nám og þroska barna sem gerð var í febrúar 2020.

---

<sup>2</sup> [Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs](#)

Í töflunni hér fyrir neðan eru þau markmið sem helst komu fram í starfsáætlun 2019-2020. Mat á þeim var unnið af starfandi matsteymi í samráði við deildarstjóra í lok skólaársins. Þau markmið þar sem framkvæmd eða niðurstöðu var ábótavant fara í umbótaáætlun næsta skólaárs nema annað sé tekið fram. Sé matsþáttur á gulu fylgir stutt útskýring.

Mjög gott samræmi við markmið	Gott, flestir þættir gengu eftir	Ábótavant, mikilvægir þættir gengu ekki upp
Markmið	Niðurstaða mats	
Halda áfram með vináttuverkefnið Blæ		
Skoða hvernig hægt er að koma stærðfræði meira inn í starfið	Varð ekki viðvarandi á deildum.	
Efla fræðslu um umhverfið, náttúru og sjálfbærni, t.d. í gegnum vettvangsferðir		
Virkt samstarf við menningar- og fræðslustofnanir í Kópavogi		
Vinna verkefni tengd réttindum barna í tengslum við afmæli Barnasáttmálans	Vék fyrir öðrum verkefnum.	
Vinna drög að handbók um snemmtæka íhlutun og málþroska; þróunarverkefni		
Innleiða Efi-2 málþroskaskimun	Réttindanámskeið féll niður.	
Efla málörvun t.d. með Lubba námsefninu og auknu söng- og tónlistarstarfi		
Halda áfram þróun matstofu	Covid-19 leiddi til breytinga sem varð að gera á matstofu og verkefni því frestað.	
Auka flæði milli deilda		
Gera upplýsingastefnu, endurskoða miðlun ljósmynda í leikskólastarfinu		
Innleiða nýtt form starfsmannasamtala	Stjórnendaskipti töfðu framkvæmd.	
Auka aðgengi að fræðilegu lesefni og miðlun upplýsinga og þekkingar		
Formgera innra mat, stofna matsteymi		

**Áætlun 2020-2021** Samstarf við foreldraráð verður um fulltrúa foreldra í matsteymi skólans. Áætlað er að fulltrúar starfsfólks í matsteymi fundi mánaðarlega til að tryggja stöðuga framkvæmd mats í skólanum en fulltrúar foreldra og barna komi inn á fundi þegar stefnumörkun á sér stað eða niðurstöður mats liggja fyrir. Skoða á undirbúningsefni fyrir börn sem taka þátt í skólaráðum og matsteymum og hvort það henti sem undirbúningur fyrir þau börn sem verða í matsteymi.



## Matsáætlun fyrir 2021-2024

Matsteymi Marbakka hefur lagt til að nýta þætti úr gæðaviðmiðum um leikskólastarf sem áður var vísað til, sem grunn að matsáætlun til næstu fjögurra ára. Forgangsröðun í matsáætlun er ákvörðuð í matsteymi en borin undir stjórnendateymi til athugasemda. Sumir þættir eru metnir árlega en aðrir sjaldnar.

Matsþættir	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
<b>Stjórnun</b>				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
<b>Mannauður</b>				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
<b>Leikskólabragur</b>				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
<b>Innra mat</b>				
Skipulag og viðfangsefni	x	x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x		x
Opinber birting og umræður	x	x		x

## Umbótaáætlun 2020-2021

Út frá þeim fjölbreyttu matsgögnum sem unnin voru eftir skólaárið 2019-2020 voru skilgreindir fjölmargir umbótaþættir sem ætlunin er að vinna að á skólaárinu. Eins og sjá má í eftirfarandi umbótaáætlun verða margir þeirra unnir í umbótahópum sem stofnaðir verða nú í haust og gætu orðið nokkurra missera umbótastarf. Aðrir umbótaþættir taka styttri tíma og á hendi færri aðila.

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags	Fleiri á réttindanámskeið	2020/2021	Sérkennslustjóri	Vor 2021	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana
Tónlistarstundir bjóðist á öllum deildum	Endurmat deildarstjóra	Setja sem stöð í hópastarfi, hafa opna stund sem er deildablönduð	2021	Aðstoðarskólastjóri	Vor 2021	Tónlistarstundir í dagskipulagi
Hindranir í þátttöku í símenntun	Starfsmannakönnun	Starfsmannasamtöl taki á þessu	Haust 2020	Aðstoðarskólastjóri	Haust 2020	Símenntunaráætlun
Börn verði þátttakendur í að búa til samskipta og umgengisreglur; samræma milli deilda	Sjálfsmat deilda	Stofna umræðuhópa barna og vinna útfra niðurstöðum þeirra.	2020/2021	Deildarstjórar	Vor 2021	Reglur útgefnar.
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Sjálfsmat deilda, mat barna	Ráðgjafahópar, s.s.viðburða og eldhúss. Velja skipulagsatriði og setja í mat barna.	2020/2021	Deildarstjórar	Vor 2021	Breytingar sem rekja má til innleggs barna
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Sjálfsmat deilda	Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	2020/2021	Matsteymi	Vor 2021	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir
Hljóðvist í húsnæði	Sjálfsmat deilda	Skoða lausnir eins og mottur, gluggatjöld, skilrúm, hópaskipting í rýmum, bolta undir stóla	Haust 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið	Endurmat á gulu	Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki til að skapa pressu	2020/2021	Skólastjórnendur	Vor 2021	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.
Fræðsla um hvernig takast á við erfiða/krefjandi hegðun barna	Starfsmannakönnun og umræður, sjálfsmat deilda	Finna stað á skipulagsdegi	2020	Skólastjórnendur	Haust 2020	Sjáist í dagskrá skipulagsdaga
Meðvitund foreldra um markmið leikskólastarfsins og mat á framförum barna; miðlun slíkra upplýsinga	Sjálfsmat deilda og foreldrakönnun	Útskýra markmið og leiðir í tölvupósti til foreldra. Skoða foreldraviðtöl og undirbúning þeirra. Kynna starfsáætlun betur.	2020/2021	Stjórnendateymi	Vor 2021	Endurtekning á könnun foreldra
Vinnuaðstaða starfsfólks, meira næði og fundaraðstaða	Sjálfsmat deilda	Gera stundatöflu vegna undirbúningstíma og einstaklings- og hópþjálfun vegna nýtingar aðstöðu	Haust 2020	Stjórnendateymi	Haust 2020	Stundatöflur liggi fyrir.

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Starfsmannafundir verði fleiri yfir árið	Starfsmannakönnun og umræður	Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum.	2020/2021	Stjórnendateymi	Vor 2021	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs	Starfsmannakönnun og umræður	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2020/2021	Stjórnendateymi	Vor 2021	Könnun til starfsfólks
Fækka skiptum sem börn flytjast milli deilda	Umræða stjórnendateymis	Nýtt deildaskipulag	2020/2021	Stjórnendateymi	Vor 2021	Kostir/gallar greining
Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns; markvissara mat á framförum barna.	Sjálfsmat deilda	Markvissar umræður á deildum, nái til alls starfsfólks, skoða tæki til að hafa yfirsýn fyrir hvert og eitt barn og þeirra námsleiðir.	2020/2021	Umbótahópur	Vor 2021	Sjálfsmat deilda, fjölbreyttari matsform
Efla málþroska og læsi	Sjálfsmat deilda, endurmat á gulu, mat barna um bókasafn og bækur	Lubbi fari í virkni á fleiri deildum. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	2020/2021	Umbótahópur	Vor 2021	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna	Sjálfsmat deilda	Þemavika verði um heimamenningu	Vor 2021	Umbótahópur	Vor 2021	Nýjar áherslur birtist í þemaviku
Efla skráningar og nýtingu þeirra með fræðslu til starfsfólks	Sjálfsmat deilda, ferilmöppur	Fá inn fræðslu á skipulagsdegi, deildir setji sér markmið, búi til stundaskrá eða annað skipulag þar sem skráningar fá svigrúm	2020/2021	Umbótahópur	Vor 2021	Sjálfsmat deilda, skráningar sýnilegri
Tengja saman neðra og efra hús með nýtingu húsnæðis og verkefnum milli deilda	Sjálfsmat deilda	Skoða nýtingu sameiginlegra leikrýma, vettvangsferðir, flakk milli allra deilda, sameiginleg verkefni þar sem ólíkur aldur blandast	Vor 2021	Umbótahópur	Vor 2021	Allar deildir geti sagt frá samstarfs-verkefnum.
Miðlun ljósmynda til foreldra í gegnum Völu	Samræmi við upplýsingastefnu	Undirbúa leiðbeiningar fyrir vistun og umsýslu mynda, fræðsla til starfsfólks á deildum.	2020/2021	Umbótahópur	Vor 2021	Ánægja starfsfólks og foreldrakönnun

# Öryggismál

## Öryggisnefnd

---

Í öryggisnefnd starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður; leikskólastjóri og starfsmaður leikskóla. Öryggisnefnd tekur við ábendingum um úrbætur frá starfsfólki og bregst við. Öryggisnefnd fundar tvisvar á ári og fer yfir öryggismál vegna vinnuumhverfis.

## Áfallaráð

---

Í áfallaráði er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar leikskólans.

## Innra eftirlit

---

Leiksvæði barna á lóð er skoðað á hverjum morgni og skiptast deildir á um það verkefni viku í senn. Sérstök öryggismappa fylgir því verkefni til að skrá frávík. Elstu börnin taka þátt í mánaðarlegu eldvarnaeftirliti. Brunaæfing er haldin í maí til að starfsfólk æfist í brunaáætlun leikskólans. Ýmsir eftirlitsaðilar koma reglubundið svo sem heilbrigðiseftirlit, eftirlitsmaður lóða og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Öryggisfyrirtæki kemur einnig reglulega til að skoða ástand viðbragðs kerfa í leikskólanum.

## Slys

---

Ef óhöpp, slys eða veikindi koma upp þá er haft samband við foreldra eins fljótt og auðið er til að láta vita. Í kjölfarið er svo útbúin slysaskráning nýbreytni er að öll slys eru skráð í *Atvik* á innri vef Kópavogsbæjar. Á hverri deild er öryggismappa með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmerum foreldra og annarra.

**Unnið 2019-2020** Brunaæfing var haldin á öllum deildum í maí 2020.

**Áætlun 2020-2021** Fara þarf yfir skipan öryggisnefndar og tryggja fundartíma hennar. Einnig þarf að tryggja að allt starfsfólk þekki viðbragðsáætlanir leikskólans.